

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/2209*  
*komudagur 23.4.2004*

28. apríl 2004

Samgöngunefnd Alþingis  
Stefán Árni Auðólfsson  
nefndarritari

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur kynnt sér frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma og hefur engar athugasemdir við frumvarpið.

Til upplýsinga fyrir Samgöngunefnd skal upplýst að stofnunin Almannavarnir ríkisins var lögð niður 3. apríl 2003 og verkefni hennar flutt yfir til embættis ríkislögreglustjóra, sem starfrækir sérstaka almannavarnadeild.

Póstfang:  
Ríkislögreglustjórinn - almannavarnadeild  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík

Dagsetning  
28.4.2004

Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 815. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun hvetur til þess að haldið verði áfram með uppbyggingu GSM-farsímakerfisins sem víðast. Stofnunin telur nauðsynlegt að gætt sé eins mikils jafnræðis þegnanna og unnt er við þessa uppbyggingu.

Virðingarfyllt



Guðmundur Guðmundsson  
ráðgjafi á Próunarsviði Byggðastofnunar

Nefndasvið Alþingis  
b.t. samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11  
Dags.: 29.04.2004

150 REYKJAVÍK

Með bréfi nefndarinnar frá 21. apríl 2004 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 815. mál. Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllt



Friðrik Sophusson  
forstjóri

Reykjavík 28. apríl 2004



**Umsögn Og Vodafone um frumvarp til laga  
um þriðju kynslóð farsíma.**

- 1 gr. Markmið og gildissvið
  - Í greininni er talað um að markmið laga þessara sé að “tryggja hagsmuni neytenda og virka samkeppni á íslenskum farsímamarkaði”. Eins og fram kemur hér að neðan er það skoðun Og Vodafone (Og fjarskipta hf.) að með því að setja inn í lögin of miklar kröfur um útbreiðslu og hátt gjald fyrir tíðnir séu lögin ekki til þess fallin að tryggja virka samkeppni á markaðnum.
- 2 gr. Úthlutun tíðna
  - Í greininni er talað um almennt útboð á tíðnum. Og fjarskipta hf. telja ólíklegt að umsækjendur um tíðnir verði það margir að nauðsyn sé á almennu útboði.
- 3. gr. Útbreiðsla
  - Útbreiðslukröfurnar eru mjög óraunhæfar. Gert er ráð fyrir því að allt að 4 aðilar byggi upp net á landsbyggðinni sem hvert um sig eigi að ná til 60 % íbúa.
- 4 gr. Tíðnigjald
  - 190 m.kr. Gjaldið er of hátt og óréttlátt fyrir tíðnileyfið. Sérstaklega ef horft er til eftirfarandi atriða
  - Hér er verið að tala um að leggja gjald á eina takmarkaða auðlind en ekki aðrar eins og útvarps-, sjónvarps- og GSM tíðnileyfi.
  - Gjaldið í Svíþjóð og Noregi er mun lægra en íslensk stjórnvöld ætla að innheimta. Það er þrisvar sinnum lægra í Noregi en 3.637 sinnum lægra í Svíþjóð.
  - Horfa ber til þess að svigrúm Og Vodafone til fjárfestinga er takmarkað og er 190 milljón króna gjald ekki til þess fallið að hvetja fyrirtækið að fjárfesta í uppbyggingu á þriðju kynslóðar neti,

- Hár kostnaður við leyfisgjald og uppbyggingarkostnaður mun hafa áhrif á uppbyggingu þjónustu á öðrum sviðum fjarskiptaþjónustu þar sem Íslendingar eru í forystu.
  - Það má fullyrða að tekjur af þessari þjónustu verði mjög litlar a.m.k.fyrstu 2 ár eftir úthlutun. Engu að síður er í krafist fullrar greiðslu á tíðnigjaldi í 4 greiðslum 2 árum eftir úthlutun.
- Annað
    - Athugasemd er gerð við að sú grein sem var í fyrri frumvarpsdrögum og fjallaði um reikiskyldu aðila sem reka GSM net skuli hafa fallið út. Nauðsynlegt er að þeim aðilum sem ætla að byggja upp þriðju kynslóðarnet sé tryggður reikiaðgangur að þeim GSM netum sem þegar hafa verið byggð upp. Alls staðar erlendis þar sem þriðju kynslóðar net hafa verið byggð upp hafa rekstraraðilar reikiaðgang yfir á GSM net. Á Íslandi hefur Landssími Íslands yfirburðarstöðu í útbreiðslu GSM neta sérstaklega á landsbyggðinni. Það er því alger forsenda fyrir að reiki yfir á net Landssímans verði tryggt. Reynsla Og Vodafone að því semja við Landssíma Íslands um reiki á viðskiptalegur forsendum sýnir að nauðsynlegt er að kveða skýrt á um reikiskyldu í lögnum. Ef sú reikiskylda er ekki skýlaus er ljóst að samkeppni verður ekki komið á í þriðju kynslóð farsímna á Íslandi.

Það er niðurstaða Og Vodafone að ekki er nauðsynlegt að binda í lög kröfur um útbreiðslu þriðju kynslóðar farsímaneta. Nær væri að horfa til reynslunnar af því að láta kröfur markaðarins ráða. Reynslan er góð af því í GSM þjónustu og ADSL þjónustu. Þó er því fagnað að í frumvarpinu er heimild til samnýtingar neta eða að þjónustuaðilar geti haft samstarf um uppbyggingu farsímaneta.

Það er fátt sem bendir til þess að sú fjárfesting sem þarf til að uppfylla þau ströngu skilyrði sem koma fram í frumvarpi því sem hér er til umsagnar standi undir sér. Mikil óvissa er um arðsemi af þriðju kynslóð farsímakerfa. Fyrst um sinn má ætla að notendur í þriðju kynslóðarkerfum verði núverandi GSM notendur. Þetta þýðir litla sem enga aukningu á heildartekjum af farsímanotkun. Það er því með öllu óljóst hvort að tekjur af þriðju kynslóðar þjónustu verði það miklar að þær réttlæti fjárfestingu í þriðju kynslóðarkerfum.

Þriðja kynslóð farsímaneta er ekki að leysa neina grundvallarþörf sem ekki er hægt að leysa með annarri tækni. Í raun er hættan sú að verði kröfur og háar um útbreiðslu þá muni það bitna á annarri þjónustu sem Íslendingar eru í forrystu að veita.

Einnig ber að horfa til þess að sú tækni sem hér er rætt um er sein á markað og því allar líkur á að önnur tækni (Wi-Fi, Wi-Max, EDGE í GSM, UMTS – TDD) geti keppt við þriðju kynslóðina. Í nágrennalöndum hafa þriðju kynslóðar leyfishafar ekki getað uppfyllt kröfur um útbreiðslu þótt markaðurinn sé mun stærri. Viljinn þar er að stækka þráðlaus gagnaflutningskerfi með öðrum leiðum en þriðju kynslóðarþjónustu.

Loks ber að horfa til þess að í dag er þegar orðið vandkvæðum bundið að fá leyfi fyrir uppsetningu senda í GSM kerfum. Reynslan frá öðrum löndum, þar sem uppbygging þriðju kynslóðarkerfa er komin á skrið, sýnir að nauðsynlegt er að reisa þrisvar til fjórum sinnum fleiri senda en í annarar kynslóðar netum. Hér er því annar þroskuldur í vegi víðtækrar uppbyggingar þriðju kynslóðar neta og kröfu mikillar útbreiðslu.

Virðingarfyllst,

Pétur Pétursson  
forstöðumaður upplýsinga- og kynningarmála  
Og Vodafone

Geir Ragnarsson  
forstöðumaður tækniþróunar  
Og Vodafone

Smíðjuvegi 68-70  
200 Kópavogi  
Sími 510 1500  
Fax 510 1509

Alþingi  
Mál nr. P/30/2237  
Lýðningur 29.4.2004



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Alþingi - Samgöngunefnd  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

2004040060

211

28. apríl 2004

**Málefni: Þriðja kynslóð farsíma, 815. mál.**

Vísað er til bréfs yðar dags. 21. apríl 2004, þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 815. mál.

Við undirbúning þessa frumvarps hafði samgönguráðuneyti samráð við Póst- og fjarskiptastofnun. Stofnunin kom sínum sjónarmiðum á framfæri á meðan á undirbúningi stóð og gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Ingvason  
forstöðumaður lögfræðideildar



Alþingi  
Erindi nr. P 130/2535  
komudagur 28.5.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngunefnd Alþingis  
b.t. Stefáns Á. Auðólfssonar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. maí 2004

Sam 201/2004 PS/sp  
Tilv.: 051

**Efni: Frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. maí var lagt fram bréf samgöngunefndar Alþingis, dags. 21. apríl 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 815. mál.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2271  
komudagur 29.4.2004

Efni: Frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma

Landssími Íslands hf. (Síminn) vísar til bréfs nefndarinnar, dags. 21. þ.m., þar sem óskað var eftir umsögn félagsins við ofangreindu frumvarpi.

## 1. Almennt

Símanum gafst ásamt öðrum fjarskiptafyrirtækjum kostur, að koma á framfæri athugasemdum til samgönguráðuneytis meðan frumvarp þetta var í vinnslu ráðuneytisins, sbr. meðfylgjandi bréf til ráðuneytisins dags. 7. janúar 2004.

Þær breytingar sem síðan hafa verið gerðar á frumvarpinu eru jákvæðar, að mati Símans. Með vísan til þessa styður Síminn framgang frumvarpsins. Að því marki sem ekki hefur verið tekið tillit til einstakra ábendinga í fyrri umsögn eru þær hins vegar ítrekaðar. Ekki þykir rétt að endurtaka þær lið fyrir lið heldur vísast að mestu til fyrri umsagnar, að breyttu breytanda.

## 2. Sérstakar athugasemdir


Af einstökum efnisatriðum fyrri umsagnar þykir nauðsynlegt að leggja ríka áherslu á, að Síminn telur 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins fela í sér of víðtækt framsal löggjafarvalds til Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi ákvarðanir um áfanga og hraða uppbyggingar, svo og kröfur um sendistyrk.

Breytir engu, að í athugasemdum í greinargerð komi fram að Póst- og fjarskiptastofnun skuli við gerð útboðsskilmála m.a. ætlað að taka mið af markaðsaðstæðum varðandi kröfur um uppbyggingarhraða og útbreiðslu. Góðir lagasetningarhættir krefja að mælt sé fyrir um svo veigamikla hagsmuni í sjálfum lagatextanum.

Með vísan til þess rökstuðnings sem fram kemur í bréfinu frá 7. janúar sl. er á ný lagt til að nýr málsliður bætist við 2. mgr. 3. gr. þannig að málsgreinin verði í heild sinni svohljóðandi:

„Nánari ákvæði um áfanga og hraða uppbyggingar og kröfur um sendistyrk munu skilgreind í útboðsskilmálum við útboð á tíðnum. **Skal þess gætt að ekki verði gerðar ríkari kröfur um uppbyggingarhraða og útbreiðslu en eftirspurn kallar á og raunhæfar viðskiptaáætlanir geti staðið undir.**“

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssíma Íslands hf.

  
f.h. Páll Ágrímsson, hdl.

Dagsetning  
07. janúar 2004

Tilvísun  
002/005/04

Samgönguráðuneyti  
v.t. Karl Alvarsson  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 10. desember 2003, en bréfinu fylgdi beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um þriðju kynslóð farsíma. Jafnframt er vísað til fyrri samskipta við ráðuneytið vegna málsins, sbr. minnisblað Símanns til ráðuneytisins, dags. 2. desember sl.

#### 1.0 Almenn

Fyrri athugasemdir Símanns lutu að frumvarpinu eins og það var lagt fram á 128. löggjafarþingi, sem þskj. nr. 1072 – 659. mál. Samkvæmt því frumvarpi var ætlunin með því að framfylgja svokallaðri UMTS ákvörðun ESB, sem væri hluti EES samningsins. Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir kemur hins vegar fram, að UMTS ákvörðunin hafi verið tímabundin og fallið úr gildi í lok janúar 2003, fjórum árum eftir gildistöku hennar.

Eftir stendur, að heimildartilskipun ESB nr. 220/20/EB, sem er hluti af nýja fjarskiptapakkanum, mælir fyrir um fyrirkomulag við úthlutun leyfa, þ.m.t. vegna tíðniúthlutunar. Ákvæðum þessarar tilskipunar hefur verið hrint í framkvæmd með nýjum fjarskiptalögum nr. 81/2003.

Samkvæmt þessu er að EES rétti ekki lengur tilefni til framlagningar sérstaks frumvarps um leyfisúthlutun vegna þriðju kynslóðar farsíma, þar sem almenn ákvæði IV kafla fjarskiptalaga, um úthlutun tíðna og númera, hrinda í framkvæmd öllum nauðsynlegum ákvæðum hvað þetta varðar.

Telji ráðuneytið eftir sem áður af einhverjum ástæðum þörf á framlagningu frumvarpsins, leggur Síminn áherslu á, að fyrirkomulagi úthlutunar á þriðju kynslóðar leyfum verði svo háttáð að fjarskiptafyrirtækjum verði gert kleift að haga uppbyggingu kerfisins í samræmi við raunhæfar viðskiptaáætlanir og væntingar markaðarins. Þá telur Síminn nauðsynlegt, að reikiákvæði laganna verði hliðstæð erlendum fordæmum. Á þessu stigi telur Síminn jafnframt ekki rétt að útiloka samrekstur eða sameiginlega uppbyggingu fjarskiptafyrirtækja á þriðju kynslóðar neti.

Síminn  
við Austurvöll  
150 Reykjavík  
Sími: 550 6000  
Fax: 550 6009  
Heimasíða: [www.siminn.is](http://www.siminn.is)  
Netfang: [siminn@siminn.is](mailto:siminn@siminn.is)



## 2.0 Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

### 2.1 Um 2. gr., úthlutun tíðna

Lagt er til að gildistími tíðniúthlutunar verði 20 ár í stað 15 eins og frumvarpið ráðgerir. Sýnist þetta vera almenna reglan í Evrópu, sbr. samanburðartafla sem afhent var ráðuneytinu á fundinum.

### 2.2 Um 3. gr., útbreiðsla

Samkvæmt ákvæðinu verður sú lágmarkskrafa gerð til hvers rétthafa, að UMTS net nái til 60% íbúa nánar tilgreindra landshluta. Það er lagt í hendur Póst- og fjarskiptastofnunar að skilgreina nánari ákvæði um áfanga og hraða uppbyggingar og kröfur um sendistyrk í útboðsskilmálum.

Síminn gerir ekki athugasemd við þessa útbreiðslukröfu sem langtímamarkmið og byggir afstöðu sína til útbreiðslukrafna og hraða uppbyggingar m.a. á niðurstöðu sérfræðiskýrslu framkvæmdastjórnar ESB frá júní 2002.<sup>1</sup> Þar segir m.a.: *“Avoid or limit coverage requirement during initial years. Avoid area coverage during initial years, focusing on population coverage.”*

Í skýrslunni er lagt til að tíðniúthlutanir sem þessar byggi á fimm meginreglum. Ein meginreglan er að til grundvallar úthlutunarskilmálum liggi raunhæf viðskiptaáætlun (sustainable business models in the industry). Önnur meginregla er að tíðniúthlutun og skilmálar hennar taki mið af eftirspurnarhlið markaðarins (take-up of market demand), þ.e. að ekki verði lagðar á ríkari kröfur um uppbyggingarhraða og útbreiðslu en spurn er eftir.

Tekið skal fram, að Síminn gerir ráð fyrir að á árunum fram til 2010 muni GPRS og EDGE tækni fullnægja að mestu kröfum markaðarins. Uppbygging UMTS neta verði hins vegar hæg. Gera má ráð fyrir að í upphafi gæti útbreiðslan numið að hámarki 20% og stefnt yrði að 10% aukningu árlega þar til 60% markinu yrði náð. Í fyrstu myndu tilraunarkerfi vera sett upp á mjög afmörkuðum svæðum.

Með vísan til ofangreinds er lagt til að nýr málslíður komi inn í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins, þannig að málsgreinin verði í heild sinni svohljóðandi:

*„Nánari ákvæði um áfanga og hraða uppbyggingar og kröfur um sendistyrk munu skilgreind í útboðsskilmálum við útboð á tíðnum. Skal þess gætt að ekki verði gerðar ríkari kröfur um uppbyggingarhraða og útbreiðslu en eftirspurn kallar á og raunhæfar viðskiptaáætlanir geti staðið undir.“*

<sup>1</sup> Comparative Assessment of the Licensing Regimes for 3G Mobile Communications in the European Union and their Impact on the Mobile Communications Sector

### 2.3 Um 4. gr., tíðnigjald

Síminn telur ekki rétt að gera athugasemd við grunnhugsun að baki fyrirhugaðs tíðnigjalds. Vegna óvissu um hraða á útbreiðslu, sér í lagi hraða á útbreiðslu umfram 60% reglu frumvarpsins, þarf hins vegar að tryggja í lagatextanum sjálfum að afslátturinn verði veittur strax. Vísendingar eru í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins að þetta sé ætlunin sbr. orðalagið „Afsláttur miðast við útbreiðslu í lok þriðja áfanga, en er veittur strax.“ Hins vegar er óljóst hvað átt er við með lok þriðja áfanga. Með vísan til þessa er lagt til að í 2. mgr. 4. gr. verði bætt við orðalagi sem tryggi afdráttarlaust að afsláttur verði veittur strax.

### 2.4. Um 8. gr., reiki, samnýting ofl.

Síminn leggur til, varðandi reiki milli þriðju kynslóðar og GSM 900 og 1800 kerfa, að orðalag sem nú er í athugasemdum frumvarpsins við 8. gr., þess efnis að slíkir reikisamningar skuli gerðir á viðskiptalegum forsendum og án mismununar verði tekið upp í lagatextanum. Með þessu móti væri tekið upp sams konar fyrirkomulag og í Danmörku, en reikisamningar innanlands skulu skv. dönskum rétti byggja á viðskiptalegum forsendum, sem fjarskiptafyrirtæki komast að samkomulagi um. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði samkeppnislaga.

Með vísan til ofangreinds er lagt til að við 1. mgr. 8. gr. bætist ml. þannig að málgreinin í heild orðist svo (viðbót feitletuð):

*„Rétthafi samkvæmt lögum þessum á rétt á innlendum reikisamningi gagnvart fjarskiptafyrirtækjum sem reka GSM 900 og DCS 1800 farsímaþónustu. Skulu samningar þessir gerðir á viðskiptalegum forsendum og án mismununar.“*

Síminn ítrekar þó, að ýmis tæknileg atriði eru óljós í þessu sambandi og þetta ákvæði getur verið verulega íþyngjandi fyrir GSM-farsímafyrirtæki, bæði hvað snertir kostnað og tæknileg atriði, og gert þjónustu við viðskiptavinum fyrir tækjanna verri en eilla. Öll þessi atriði gilda sérstaklega um Símann, sem þegar veitir viðskiptavinum Og Vodafone reiknaðgang.

Síminn leggur jafnframt áherslu á, að kvöð um reiki innan sömu kynslóðar farsímaneta sé fordæmalaus og eigi sér engar fyrirmyndir í Evrópu. Af þessum sökum leggst Síminn gegn því að í frumvarpinu verði ákvæði sem mæli fyrir um reiki milli IMT-2000 og UMTS neta. *Því er lagt til að 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli niður. Með sömu rökum er lagt til að lokamálsliður 3. mgr. 8. gr., þess efnis að útbreiðslukröfur umfram 30% lágmarkið sé heimilt að uppfylla með reiki, falli niður.*

Ein skýring á að kröfur um reiki innan þriðju kynslóðar finnast ekki er hugsanlega að slíkt mun ótvírætt verka letjandi á útbyggingu þjónustusvæða bæði í bráð og lengd.

Önnur skýring getur verið tæknilegs eðlis. Vitað er að tæknilegir ókostir fylgja innanlandsreiki milli 3.kynslóðar kerfa, samhliða reiki milli 3.kynslóðar og 2.kynslóðar. Þetta þarf að rannsaka betur áður en krafa um slíkt er gerð og má telja eðlilegt ráðuneytið eða Póst- og fjarskiptastofnun upplýsi að minnsta kosti í aðalatriðum hvornig 3.kynslóðar reiki eigi að vera háttáð, verði þess krafist.

Síminn ítrekar að nema eigi brott kröfuna um reiki milli 3.kynslóðar kerfa. Til vara – ef ákvæðið verður ekki numið brott – telur Síminn bráðnauðsynlegt að breyta því og skýra betur.

Nauðsynlegt er að taka fram að ákvæði fjarskiptalaga eigi ekki við hér, að enginn réttur sé til innanlandsreikis og engar skyldur fyrr en sá sem sækir um reiki hefur náð 60% útbreiðslu á viðkomandi svæði. Einvörðungu sé samið á viðskiptalegum forsendum og ef samningar nást ekki sé engin skylda um innanlandsreiki á svæðinu sem um ræðir.

Þá telur Síminn einnig nauðsynlegt – til vara- ef ákvæðið verður ekki fellt niður – að skýra sérstaklega ferlið eftir að 60% kröfunni hefur verið náð eða samið um innanlandsreiki til að ná henni.

Þar bendir Síminn til dæmis á þá leið að tryggja fyrirtæki sem setur upp nýjan 3.kynslóðar sendi einkarétt á þeim sendi t.d. um 3ja ára skeið. Að þeim tíma loknum verða væntanlega fyrirliggjandi betri upplýsingar til grundvallar fjárhagslegri afkomu sendisins eða svæðisins, sem geta gefið til kynna hvort grundvöllur sé fyrir sendi frá samkeppnisaðila á svæðinu. Verði ekkert ákvæði um þessi atriði er hætt við að frumkvæði til uppbyggingar utan höfuðborgarsvæðisins verði hverfandi lítið.

Einnig er nauðsynlegt að skilgreina hvað telst vera „samkeppnissvæði“. Þetta verður að gera áður en kemur að útbóði og leyfisveitingum. Sérstaklega er þetta nauðsynlegt í og í næsta nágrenni þéttbýlisstaða, til þess að gefa farsímafélögunum færi á að styrkja þjónustu til dæmis í jöðrum þéttbýliskjarna, aðgreina sig þannig frá öðrum með hærra þjónustustigi og auka samkeppni.

Þetta verður að vera hægt án þess að viðkomandi fyrirtæki eigi það á hættu að innanlandsreiki verði þröngvað á viðkomandi sendistöð, vegna þess að samkeppnisaðili telji ekki vera fjárhagslegan grundvöll fyrir radíóstöð sinni á staðnum eða svæðinu.

Verði þetta ekki gert vantar nægilegan hvata til að bæta þjónustusvæði og lokaniðurstaðan verður sú að þjónustusvæði 3.kynslóðar verður minna og lakara en ella.

Að síðustu skal þess getið að það er ekki einfalt mál, hvorki tæknilega né kostnaðarlega að samnýta „stjórnstöð“ „Radio Network Controller“ (RNC) eins og athugasemdir við 4. mgr. 8. gr. gefa til kynna að ráðgert sé. Er því lagt til að orðin „og stjórnstöðvar („Radio Network Controllers“)" verði felld úr athugasemdum við 8. gr.

Þrátt fyrir allt sem að ofan greinir útilokar Síminn engan veginn að samkomulag geti tekist milli fjarskiptafyrirtækja á viðskiptalegum forsendum um reiki innan þriðju kynslóðar eða sameiginlega uppbyggingu á þriðju kynslóðar farsímaneti, að því gefnu að slíkt samræmist ákvæðum samkeppnislaga.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landssíma Íslands hf.

*Jóhanna Þingvoldsdóttir*  
f.h. Páll Ásgrímsson, hdl.

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2158  
komudagur 27.4.2004




Nefndasvið Alþingis  
Stefán Árni Auðólfsson  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. apríl 2004  
Tilvísun: 2004040041/4.2; faxtæki; boðtæki  
HrH/BH  
Tilv. ykkar: 21.04.04

**Efni: Þriðja kynslóð farsíma, 815. mál.**

Vegagerðin hefur farið yfir frumvarp að lögum um framangreint efni og gerir ekki athugasemdir við innihald þess.

Virðingarfyllst,

  
Jón Rögnvaldsson,  
vegamálastjóri.